

Sálfræði öldrunar: Frá heilahreysti til heilabilunar

E-510-ÖLDR



Ár: 2. og 3. ár.

Önn: Haustönn.

Tegund námskeiðs: Valnámskeið.

Undanfarar: Engir.

Skipulag: 4 stundir á viku í 12 vikur.

Kennari: María K. Jónsdóttir.

Lýsing: Með auknum fjölda aldraðra verður sífellt meiri þörf á þekkingu á hugrænni öldrun. Í þessu námskeiði verður fjallað um farsæla öldrun/heilahreysti á efri árum, hugræna öldrun, einstaklingsmun í öldrun heilans, svo og algengustu heilabilunarsjúkdómanna (t.d. Alzheimer sjúkdóm, Lewy sjúkdóm og framheilabilun). Heilabilun verður kynnt með raunverulegum sjúklíngadæmum frá kennurum. Fjallað verður um aðferðarfræðileg vandamál sem tengjast rannsóknum í öldrunarsálfræði svo og helstu kenningar um öldrun.

Lærdómsviðmið: Að námskeiði loknu á hver nemandi að geta:

Þekking

- Lýst því hvernig lífslíkur hafa breyst og hverjar lífslíkur þeirra sem nú fæðast eru.
- Lýst aðferðafræðilegum vandamálum í öldrunarrannsóknum.
- Lýst því hvernig heilinn og hugræn geta breytast með hækkandi aldri.
- Greint frá hver munurinn er á farsælli öldrun, dæmigerðri öldrun og óheilbrigðri öldrun.
- Útskýrt vel hugtakið væg vitræn skerðing.
- Gert grein fyrir heilabilun, greiningarskilmerkjum hennar og einkennum helstu heilabilunarsjúkdóma.
- Nefnt hvaða leiðir eru bestar til að viðhalda heilahreysti og hugrænni færni á efri árum.

Leikni

- Metið tegundir heilabilunar út frá sjúklíngadæmum og fært rök fyrir mismunagreiningu.
- Lesið ritrýndar greinar um efnið sér til gagns og á gagnrýnan hátt.
- Kynnt greinar um sérhæft efni fyrir jafningjum sínum.

Hæfni

- Nýtt þekkingu sína til að hanna rannsókn sem að svarar ákveðnum spurningum og útskýra viðeigandi aðferðafræðileg vandamál.

Námsmat: Verkefni, skyndipróf og lokapróf.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, hópvinna og umræðutímar.

Tungumál: Íslenska.

ECTS: 6.